

## Tryggvi Helgason (1900-2001), sjómaður Akureyri og Reykjavík

Afhending 2021/23

Tryggvi Helgason fæddist 19. apríl árið 1900 á Lykkju á Akranesi og lést þann 5. desember 2001 á Grund í Reykjavík.

Foreldrar Tryggva voru Helgi Guðbrandsson, f. 25. júlí 1864, d. 20. júlí 1945 og Guðrún Illugadóttir, f. 23. júní 1869, d. 5. september 1944.

Tryggvi vann sveitastörf frá unga aldri. Hann stundaði nám í barnaskóla á Akranesi frá 10-14 ára aldurs en hélt síðan í atvinnuleit til Reykjavíkur. Hann vann við fiskverkun og fór síðan á fiskiskútur og togara, m.a. á enska togara frá Grimsby. Tryggvi vann um tíma hjá Togaraútgerðinni Sleipni.

Árið 1930 flutti hann til Hríseyjar þar sem hann gerði út þilfarsbát. 1933 flutti hann til Akureyrar og stundaði þar ýmsa vinnu, bæði á sjó og landi.

Tryggvi starfaði að ýmsum félagsmálum, var kjörinn formaður Sjómannafélags Akureyrar árið 1936 og gegndi því starfi í 40 ár, til 1976. Hann sat um margra ára skeið í stjórn Sjómannasambands Íslands og í samninganefnd þess. Hann var kjörinn í fyrstu stjórn Útgerðarfélags Akureyringa og var endurkjörinn svo lengi sem hann bjó á Akureyri.

Tryggvi starfaði lengi í Sósíalistasflokknum og Alþýðubandalaginu á Akureyri og sat í bæjarstjórn um skeið. Á síðari hluta ævi sinnar sat hann í ýmsum nefndum, s.s. byggðanefnd, verðlagsnefnd um fiskverð og síldarútvegsnefnd.

Um 1980 fluttist Tryggvi til Reykjavíkur og bjó þar til æviloka.

Tryggvi var um langt árabíll í sambúð með Sigríði Þorsteinsdóttur f. 31. ágúst 1891, d. 7. september 1982 frá Reykjavík.

Afhending þessi barst frá Sigurlínu H. Styrmsdóttur. Þetta er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

30. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

---

**A-Tryggvi Helgason****A-Tryggvi Helgason****1958 - 1963**

A	1	1	1958 - 1962	Bréf, ársskýrslur, lánaumsóknir frá Lífeyrissjóði togarasjómanna.
A	1	2	1963 - 1963	Bréf til Tryggva Helgasonar frá Ása í Bæ.